

ÚTSKRIFT ÚR FUNDAGERÐARBÓK SVEITARSTJÓRNAR HÚNAÞINGS VESTRA

258. FUNDUR.

258. fundur sveitarstjórnar Húnaþings vestra haldinn miðvikudaginn 16. september 2015 kl. 15:00 í fundarsal Ráðhússins.

Fundinn sátu:

Unnur Valborg Hilmarsdóttir, Elín R. Líndal, Gunnar Þorgeirsson, Ingimar Sigurðsson, Elín Jóna Rósinberg, Sigurbjörg Jóhannesdóttir og Valdimar Gunnlaugsson.

Embættismenn:

Guðný Hrund Karlsdóttir sveitarstjóri.

Guðrún Ragnarsdóttir, sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs.

Fundarritari:

Guðrún Ragnarsdóttir.

Oddviti setti fund og bauð sveitarstjórn velkomna til starfa eftir sumarfrí

Gengið var til dagskrár.

1. Fundargerð Skipulags- og umhverfisráðs, oddviti kynnti

Fundargerð 255. fundar frá 31. ágúst sl. fundargerð í einum lið. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

2. Undirbúningur að gerð fjárhagsáætlunar 2016

Sveitarstjóri lagði fram tillögu að skipulagi vinnu við gerð fjárhagsáætlunar 2016. Rætt um helstu forsendur, gjaldskrár ofl.

3. Atvinnuuppbygging.

Lögð fram eftirfarandi bókun:

Sveitarstjórn Húnaþings vestra fagnar umræðu um stöðu atvinnumála á Norðurlandi vestra sem fram hefur farið undanfarnar vikur. Ljóst er að viðvarandi fólksfækkun í landshlutanum verður ekki snúið við nema með stórtækum aðgerðum og þéttri samvinnu ríkisins sem og sveitarfélaga á svæðinu. Ýmislegt hefur verið reynt á umliðnum árum. Sveitarfélögin hafa reynt að laða til sín fyrirtæki og fjárfestingar hvert á sínum svæðum, hinar ýmsu nefndir hafa starfað með misjöfnum árangri, heimamenn hafa hrint af stað hinum ýmsu verkefnum o.m.fl. Þrátt fyrir þá vinnu sem fram hefur farið er staðan sú að störfum heldur áfram að fækka í landshlutanum, fólksfækkun er viðvarandi, framlög frá ríki til hinna ýmsu málaflokka dragast verulega saman, svo sem til Uppbyggingarsjóðs, samgöngumála, heilbrigðismála, löggæslu o.fl.

Erlendir fjárfestar hafa nú sýnt áhuga á uppbyggingu stóriðju í Austur Húnavatnssýslu. Þessir erlendu aðilar hafa undirritað viljayfirlýsingu við Klappir Development ehf um fjármögnun verkefnisins að hluta og fer nú fram vinna við athuganir á fýsileika verkefnisins auk viðbótarfjármögnunar. Viljayfirlýsing þessi kemur í kjölfar samkomulags sem sveitarfélögin í A-Hún og Klappir Development ehf undirrituðu fyrr á árinu um undirbúning mögulegrar

álframleiðslu og úrvinnsluiðnaðar á iðnaðarsvæðinu við Hafursstaði. Í framhaldinu hefur sveitarfélögum í Skagafirði og Húnaþingi vestra boðist að gerast aðilar að verkefninu þar sem ætlað er að uppbygging í miðju landshlutans muni hafa jákvæð áhrif í landshlutanum öllum. Lögð er fram eftirfarandi tillaga.

"Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir að gerast aðili að samkomulagi sveitarfélaganna í A-Hún og Klappa Development ehf um undirbúning mögulegrar álframleiðslu og úrvinnsluiðnaðar í A-Hún sem gildir til 31. desember 2015. Þar til samkomulagið rennur út skuli fara fram greining á áhrifum stóriðju á landshlutann allan, þar með talið jaðarsvæða hans sem Húnaþing vestra hlýtur að teljast til. Einnig fari á tímabilinu fram kynning á verkefninu meðal íbúa sveitarfélagsins. Að þeim gögnum fyrirbyggjandi auk íbúakönnunar verði tekin ákvörðun um hvort og þá með hvaða hætti Húnaþing vestra yrði þátttakandi í verkefninu fari svo að áform um byggingu álvers við Hafursstaði verði að veruleika. Oddvita er falið að vinna málið áfram og veitt umboð til undirritunar viðauka við fyrrgreint samkomulag." Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt 7 með atkvæðum.

4. Skýrsla sveitarstjóra.

Guðný Hrund Karlsdóttir sveitarstjóri gerði grein fyrir helstu störfum sínum frá síðasta fundi sveitarstjórnar.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundargerð upplestin og samþykkt. Fundi slitið kl. 15:34

Unnur Valborg Hilmarsdóttir.

Gunnar Þorgeirsson.

Sigurbjörg Jóhannesdóttir.

Elín Jóna Rósinberg.

Elín R. Líndal

Valdimar Gunnlaugsson.

Ingimar Sigurðsson.

Guðný Hrund Karlsdóttir
sveitarstjóri

Guðrún Ragnarsdóttir
sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs